

ÁRSSKÝRSLA 2016



NORÐURORKA

Vatnsveita - Rafveita - Hitaveita - Fráveita





Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	2
Stjórn Norðurorku	3
Skipurit	3
Frá forstjóra	4
Yfirlit yfir starfsemina	5
Ársreikningur 2016	21

Ábyrgðarmaður: Baldur Dýrfjörð

Útlitshönnun: Geimstofan

Myndir: Auðunn Níelsson

Forsíðumynd: Hörgárdalur séð út í Eyjafjörð

Prentun: Ásprent hf.

Ávarp stjórnarformanns




Geir Kristinn Aðalsteinsson

Við Íslendingar erum lánsöm þjóð með mikið af náttúruauðlindum sem okkur hefur auðnast að nýta á skynsamlegan hátt og þannig lagt grunn að farsælu og góðu samfélagi. Þegar við horfum til orkuauðlindanna þá erum við ekki aðeins rík af þeim heldur eru þær „grænar“ og að stærstum hluta til endurnýjanlegar. En allri nýtingu fylgir ábyrgð og tryggja þarf að áhrif nýtingarinnar og starfsemi fyrirtækja hafi eins lítil áhrif á umhverfið og kostur er. Í stefnumótunarvinnu Norðurorku gerði starfsfólk sameiginlega tillögu að gildum félagsins og var samdóma niðurstaða að þau skyldu vera, VIRÐING – FAGMENNSKA – TRAUST. Það skemmtilega var að í greinargerðum allra vinnuhópa starfsmanna kom fram samhljómur um að virðing næði til margra þátta. Virðing fyrir viðskiptavininum, gagnkvæm virðing vinnufélaga, virðing fyrir samfélaginu og síðast en ekki síst virðing fyrir umhverfinu og auðlindunum sem okkur er trúað fyrir. Við gerum okkur öll grein fyrir þessu mikilvæga atriði og þar með hver eigi að vera grunnstefin í umhverfisstefnu félagsins. Í nóvember 2015 skrifaði Norðurorka undir loftslagsyfirlýsingu FESTU ásamt rúmlega 100 öðrum fyrirtækjum og stofnunum

víðsvegar um land. Í framhaldinu hefur markvisst verið unnið að stefnumótun og yfirferð yfir reksturinn með það fyrir augum að vinna á þeim grunni sem vel er gert í umhverfismálum og setja félaginu markmið um úrbætur þar sem það á við. Á árinu vann stjórn og starfsfólk að umhverfisstefnu félagsins og var hún samþykkt á stjórnarfundum í maí 2016. Í stefnunni er lögð áhersla á að félagið dragi úr neikvæðum áhrifum starfseminnar á umhverfið og talin upp markmið sem vinna ber að. Lykilatriðið er að umhverfissjónarmið séu fléttuð inn í öll verkefni félagsins og áætlanir sem það gerir bæði í lengd og bráð. Inn í innkaupastefnu, í framkvæmdum, jafnframt því að finna leiðir til að minnka úrgang og að flokka þann úrgang sem til fellur. Á öllum þessum sviðum stöndum við okkur vel en getum örugglega gert enn betur. Í umhverfisstefnunni felast því fjölmargar áskoranir og tækifæri og mikilvægt að fylgja því markmiði stefnunnar að umbætur þurfa að vera stöðugar og þær gerðar sýnilegar jafnt starfsfólki, eigendum og viðskiptavinum félagsins. Eins og nánar er fjallað um hér í ársskýrslunni stendur Norðurorka einstaklega vel þegar kemur að kolefnisfótspori félagsins og erum við þar í plús, sporið er jákvætt ef svo má segja og vegur þar þyngst metanverkefnið okkar og sú skógrækt sem félagið hefur unnið að áratugum saman. Þegar kemur að ábyrgri auðlindanýtingu er það ekki aðeins Norðurorka og starfsfólk þess sem hefur áhrif á hvernig til tekst. Hér ráða viðskiptavinirnir miklu og með hvaða hætti þeir nýta og umgangast auðlindina. Sagan minnir okkur líka á að auðlindirnar eru ekki óþrjótandi og að við höfum oft verið í þeim sporum að þær eru ekki nægar til að uppfylla allar þarfir viðskiptavinanna. Takmarkaðar auðlindir setja okkur einnig í þá sérstöðu að Norðurorka hefur ekki það markmið að hvetja viðskiptavinina sína til að

nota og kaupa enn meira af vörunni sem við seljum, þ.e. heita og kalda vatninu. Frekar viljum við hvetja til hófs og að vel sé farið með því auðlindirnar eru takmarkaðar. Öllum viðskiptavinum þarf að vera ljóst að auðlindirnar okkar eru ekki óþrjótandi og því mikilvægt að við nýtum þær af ábyrgð og göngum um þær af virðingu. Hægt er að tryggja skynsamlega nýtingu með verðlagningu vörunnar en einnig með því að biðla til viðskiptavinanna að fara vel með auðlindirnar. Síðastnefnda leiðin er sú sem við viljum fara. Það kemur okkur öllum til góða að fara vel með. Það hjálpar til að halda verði á vörunni og þjónustunni lágu og eins og reyndin hefur verið, með því lægsta sem gerist hjá sambærilegum veitum. Höldum áfram saman á þeirri vegferð. Að endingu vil ég þakka starfsfólki Norðurorku og meðstjórnarmönnum mínum fyrir ánægjulegt og gott samstarf á árinu, sem og hluthöfum og síðast en ekki síst viðskiptavinum félagsins.

Skipurit Norðurorku



Stjórn Norðurorku hf. 2016



Geir Kristinn Aðalsteinsson, formaður
Ingibjörg Ólöf Isaksen, varaformaður
Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi
Edward Hákon Huijbens, meðstjórnandi
Njáll Trausti Friðbertsson, ritari

Varastjórn:

Eva Hrund Einarsdóttir
Jóhann Jónsson
Margrét Kristín Helgadóttir
Matthías Rögnvaldsson
Óskar Ingi Sigurðsson

Frá forstjóra



Helgi Jóhannesson

Rekstur Norðurorku-samstæðunnar gekk ágætlega á árinu 2016. Hagnaður varð 409 milljónir króna eftir skatta en áætlanir gerðu ráð fyrir 432 milljóna króna hagnaði. Inn í afkomuna spilaði m.a. að á árinu var boruð hitaveituhola að Botni sem ekki gaf vatn og var allur borkostnaðurinn, 154 milljónir króna gjaldfærður í einu lagi.

Norðurorka var, eins og kunnugt er, eitt þeirra 103 fyrirtækja á Íslandi sem skrifaði undir samfélagsábyrgð varðandi loftslagsmál. Í framhaldi var svokallað kolefnisspor fyrirtækisins reiknað út og er útkoman sú að starfsemi Norðurorku bindur meira kolefni en hún losar sem leiðir til jákvæðra áhrifa á loftslagsmálin. Okkar trú er að fá fyrirtæki á Íslandi nái þeim árangri að stafsemi þess bindi meira kolefni en hún losar. Helsta ástæða þessa hjá Norðurorku er metanverkefnið sem felst í að fanga uppstreymi hauggass og umbreyta í eldsneyti á ökutæki en einnig að Norðurorka á um 55 hektara skóglendi og hyggst áfram leggja fé til skógræktar. Á árinu mótaði fyrirtækið sér umhverfisstefnu. Stefnan tekur á fjölmörgum atriðum varðandi sýn og umgengni félagsins við umhverfið og náttúruauðlindir. Fyrst og fremst er í stefnunni verið að áréttta sameiginlega framtíðarsýn og ábyrgð stjórnar og starfsfólks á umhverfis- og auðlindamálum. Nú sem fyrr eru mörg stór verkefni í ferli, eða í farvatninu hjá samstæðunni. Hér má nefna byggingu Glerárvirkjunar II, sem áætlað er að taka í rekstur um næstu áramót. Bygging hreinsistöðvar fyrir fráveitu sem áætlað er að taka í notkun upp úr miðju ári 2018. Bygging skrifstofuhúss á Rangárvöllum er í farvatninu m.a. þar sem starfsemi Norðurorku krefst

aukins húsnæðis þegar tekið er mið af þeim kröfum sem gerðar eru til slíks í dag. Skrifstofuhúsnæðið mun hýsa starfsemi Umhverfismiðstöðvar Akureyrarbæjar, starfsemi útibúa ÍSOR, Landsnets og Orkustofnunar á Akureyri en einnig starfsemi Fallorku og Vistorku. Gert er ráð fyrir að nýja húsnæðið verði tekið í notkun seinni hluta árs 2018 og í framhaldi verði farið í endurbætur á húsnæði Norðurorku og það aðlagð þörfum fyrirtækisins.

Eins og áður hefur komið fram er komið að ákveðnum þáttaskilum í rekstri hitaveitunnar þar sem hún er, yfir köldustu vetrardagana, á fullum afköstum og því lítið sem má út af bregða í rekstrinum. Fyrst og fremst er um flutningstakmarkanir að ræða, en heildarmyndin er þó aðeins stærri en það. Hér er vísað til þess að hægt er að auka afköst vinnslusvæðisins á Arnarnesi en aðveituæðin til Akureyrar annar ekki auknum vatnsflutningi. Aftur á móti hefur aðveituæðin frá Laugalands-, Botns- og Hrafnagilssvæðinu mun meiri flutningsgetu heldur en nemur núverandi afköstum vinnslusvæðanna. Því hefur verið lögð á það mikil áhersla undanfarin ár að auka rannsóknir í Eyjafjarðardal með það í huga að þar megi ná meira vatni. Eins og áður er nefnt var boruð hola að Botni í Eyjafjarðarsveit í von um aukið vatn og bættu nýtingu kerfanna. Það voru því mikil vonbrigði að hún skilaði engum árangri og minnti okkur enn og aftur á að jarðhitaleit í Eyjafirði hefur löngum verið erfið og torsótt. Í ljósi ofangreinds er það mat okkar að feta öruggu leiðina og leggja af stað í áfangaskipta lagningu nýrrar aðveituæðar frá Arnarnesi en slaka þó ekki á rannsóknum á þeim svæðum í Eyjafirði sem teljast vænleg. Í þessu samhengi festi Norðurorka kaup á jarðhitaréttindum jarða umhverfis Syðri-Haga á Árskógsströnd sem og rannsóknargögnum og hitaveitu í Ytri-Haga. Allt tengist þetta lagningu nýrrar aðveitulagnar að bænum úr norðri. Fyrstu áætlanir benda til að kostnaður við lagningu nýrrar aðveitulagnar sé í kringum einn og hálfur milljarður en til viðbótar komi kostnaður vegna borunar og búnaðar í varaholu á Arnarnesi.

Jarðhitinn í Vaðlaheiðinni er sem áður spennandi möguleiki en rannsóknir þar eru tímafrekar, dýrar og erfiðar. Áfram verður unnið að rannsóknaráætlun en forgangsröðun

þeirra færð aftar í röðina.

Þegar horft er til baka yfir liðið ár hefur náðst góður árangur á mörgum sviðum m.a. í öryggismálum en þar hefur starfsfólk virkilega lagt sig fram. Má segja að öryggismenning sé að taka sér bólfestu í rekstri Norðurorku svo eftir sé tekið. Þar má nefna öryggisbúnað starfsmanna, merkingar á vinnusvæðum, merkingar bíla en fyrst og fremst að öryggisvitund hefur vaxið og skilningur á því að ekkert starf er svo mikilvægt að það réttlæti að öryggi starfsmanna sé lagt að veði. Verkefni Vistorku hafa hverfst um umhverfismál í öllum sínum myndum. Þar má helst nefna að koma framleiðslu Orkeyjar í sölu með aukinni notkun sjávarútvegs og fyrirtækja á lífdísli, auka þátttöku almennings á Akureyri í grænum lausnum s.s. söfnun á úrgangsolíu, notkun rafmagns og metans á ökutæki með meiru. Öll snýst heildarmyndin um að gera sveitarfélagið kolefnislaust og umhverfisvænna. Okkar mat er að verkefnið gangi vel, eftir því sé tekið og árangur eftirtektarverður.

Í velflestum verkefnum þarf margs konar leyfi fyrir framkvæmdum. Skýrast hefur það komið fram í umhverfismati hreinsistöðvarinnar sem vægast sagt hefur gengið brösuglega hvað svör og tímasetningar varðar. Okkar mat er að leyfistími framkvæmda hafi aukist mikið og er svo komið að byrja þarf á flóknari leyfisferlum einum til tveim árum fyrr en áður var. Í þessu felst að umsýsla stjórnarsýsluverkefna innan Norðurorku verður flóknari og krefst aukinnar athygli og mannafla. Ég færi stjórnarmönnum þakkir fyrir gott samstarf liðin ár. Einnig vil ég þakka starfsfólki okkar gott og farsælt samstarf á árinu 2016.

Starfsemi Norðurorku hf. á árinu 2016

Stjórnsýsla

Aðalfundur Norðurorku hf. var haldinn 1. apríl 2016. Hluthafahópurinn er óbreyttur, Akureyrarbær 98,26%, Hörgársveit 0,8%, Eyjafjarðarsveit 0,12%, Grýtubakkahreppur 0,18%, Svalbarðsstrandarhreppur 0,46% og Þingeyjarsveit 0,18%. Á aðalfundi félagsins var stjórn félagsins endurkjörin. Stjórnarformaður er Geir Kristinn Aðalsteinsson, varaformaður Ingibjörg Ólöf Isaksen, ritari Njáll Trausti Friðbertsson og meðstjórnendur þau Edward H. Huijbens og Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir. Í varastjórn eru Eva Hrund Einarsdóttir, Jóhann Jóhannsson, Óskar Ingi Sigurðsson, Margrét Kristín Helgadóttir og Matthías Rögnvaldsson. Stjórnin hélt ellefu fundi milli aðalfunda.

Mannauðsmál

Á árinu 2015 var lokið við gerð kjarasamninga við öll stéttarfélög starfsmanna Norðurorku. Í þeim öllum var ákvæði um mat á

forsendum samninganna og að það skyldi fara fram í febrúar árið 2016 og þá eftir atvikum endurskoðun á launaliðum þeirra. Svonefnt SALEK samkomulag var hluti af þessari endurskoðun og þar með að aðilar vinnumarkaðarins samræmdu endurskoðun sína með það að markmiði að komið yrði í veg fyrir svonefnt höfrungahlaup milli ólíkra stéttarfélaganna. Markmiðið var að allir samningsaðilar virtu viðmiðanir um leiðréttingar á grundvelli endurskoðunarinnar og þar með heildar kostnaðaráhrif samninganna. Endurskoðun á öllum samningum lauk fyrir maímánuð 2016. Fyrir liggur að launakostnaður varð nokkuð hærri en fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir en er þó innan þeirra marka sem SALEK gerði ráð fyrir.

Starfsfólk sótti fjölmörg námskeið á árinu 2016 sem ýmist voru skipulögð af Norðurorku-skólanum og haldin innan fyrirtækisins eða hjá hinum ýmsu fræðsluaðilum. Sem dæmi um námskeið má nefna, (a) blágrænar ofanvatnslausnir, (b) verkefnastjórnun, (c) stjórnun

úttekta, (d) hönnun lagnakerfa og val á lagnaefnum, (e) varaafskerfi með rafgeymum, (f) kerfisstjórnunarforrit og (g) verkstjórnámskeið. Þá voru haldin ýmis námskeið sem snertu öryggismál, (a) skyndihjálparnámskeið, (b) eldur og eldvarnir, (c) þjálfun í meðferð slökkvitækja, (d) öryggismenning á vinnustöðum, (e) læsa, merkja, prófa, (f) fallvarnarnámskeið, (g) ATEX námskeið og (h) námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og -verði. Á árinu 2016 störfuðu 65 starfsmenn hjá félaginu í 64,8 stöðugildum. Fjörutíu og átta karlar og sautján konur.

Til félagsins voru ráðnir fimm starfsmenn, tveir verkamenn, rafvirki, pípulagningamaður og verkstjóri á framkvæmdasviði. Fjórir starfsmenn létu af störfum hjá fyrirtækinu.

Ýmsar leiðir eru nýttar til upplýsingagjafar til starfsmanna, tölvupóstar, tilkynningar og fréttir á innri vef félagsins, auglýsingatöflur, en síðast en ekki síst reglulegir starfsmannafundir. Alls voru haldnir



8 starfsmannafundir á árinu með mjög fjölbreyttri dagskrá. Þá voru haldnir fundir með starfsmönnum í tengslum við vinnustaðagreiningu og stefnumótunarvinnu í umhverfismálum.

Halda átti fagfund raforkumála á Ísafirði í maí en hann þurfti að flytja til Reykjavíkur þar sem stærstur hluti þátttakenda komst ekki vestur vegna óhagstæðs flugveðurs. Fjölmargir starfsmenn framkvæmdasviðs sóttu fagfundinn þar sem flutt voru fjölmörg erindi m.a. um öryggismál, stefnumótun í orku- og veitugeiranum, auðlindagarð, virkjunarkosti, verðskrár, orkumælingar, snjallmæla o.fl. Á árinu nýttu þrjátíu og átta starfsmenn sér heilsuefingarstyrkinn en nítján nýttu sér samgöngustyrkinn sem ýtir undir að starfsmenn komi á umhverfissvænan hátt til vinnu.

Fyrirtækið býður árlega upp á bólusetningu fyrir innflúensu sem hefur gefist vel.

Gæðamál

Norðurorka rekur mikilvæga innviði sem samfélagið reidir sig á allan sólarhringinn, alla daga ársins. Þáttur í öruggum rekstri er að verklag í fyrirtækinu sé skjalfest, rekjanleiki sé tryggður og að haldið sé utan um þær umbætur sem farið er í. Fylgst er með gæðum í öllum veitum fyrirtækisins. Á hverju ári tekur Heilbrigðiseftirlitið sýni úr öllum vatnsveitum Norðurorku til örverugreiningar auk þess sem tekin eru sýni til heildarefnagreiningar. Reglulegt vinnslueftirlit fer fram í hitaveitunni þar sem m.a. er mælt efnainnihald vatnsins og lagt mat á heildarafkastagetu vinnslusvæðanna. Árlega eru gerðar spennugæðamælingar í rafveitu til að fylgjast með því að kröfur til spennugæða, sem fram koma í reglugerðum og stöðlum, séu uppfylltar. Fráveitan dællir skólpi út í sjó og með reglulegum sýnatökum er fylgst með álagi á skilgreindu þynningarsvæði og við strandlengjuna meðfram Akureyri.

Í vottuðu gæðakerfi felst að reglulega gera óháðir vottunaraðilar úttektir á starfsemi Norðurorku til að tryggja að hún sé í samræmi við opinberar kröfur og þær kröfur sem fyrirtækið gerir sjálf til starfseminnar og eru teknar saman í gæðakerfi fyrirtækisins. Hefur Norðurorka haldið vottun sinni frá upphafi. Verndun neysluvatnsauðlindarinnar er ein af lykiláherslum Norðurorku svo fyrirtækið geti tryggt neysluvatn til langrar framtíðar. Það er mikilvægt að vanda vel undirbúning ákvarðanatöku um landnotkun til framtíðar á og í nágrenni við vatnsverndarsvæðin. Því miður skortir oft á skilning á þessu og hefur Norðurorka verið að minna á þessi atriði bæði með bréfum til skipulagsyfirvalda og með auglýsingum þar sem almenningur er minntur á tilveru og mikilvægi vatnsverndarsvæða. Að reka gæðastjórnunarkerfi skv. ISO 9001 er verkefni sem snertir alla þætti fyrirtækisins og er skuldbinding stjórnenda og þátttaka starfsfólks



mjög mikilvæg. Ávinningur gæðastjórnunarkerfisins sést í daglegum störfum allra starfsmanna sem leggja sig fram við að gera sífellt betur og tryggja þannig stöðugar umbætur. Gæðakerfið snýst nefnilega ekki um að gera eitt atriði 100% betur heldur 100 atriði 1% betur.

Umhverfismál

Umhverfismál hafa á undanförunum árum fengið aukið vægi hjá Norðurorku og í lok ársins 2015 tókum við ákvörðun um að taka þátt í loftslagsyfirlýsingu Festu ásamt fjölmörgum fyrirtækjum og stofnunum. Það felur meðal annars í sér skuldbindingu Norðurorku til að sýna samfélagslega ábyrgð í verki með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka myndun úrgangs.

Á árinu tók fyrirtækið saman upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisbindingu og reiknaði þannig út kolefnisspor fyrirtækisins vegna ársins 2015 ásamt því að setja sér markmið til næstu ára. Mælieining fyrir kolefnisspor er kg eða tonn CO₂ ígildis en þá eru áhrif víðeigandi gróðurhúsalofttegunda umreiknuð yfir í ígildi CO₂.

Niðurstaðan var ánægjuleg þar sem Norðurorka bindur meira kolefni en fyrirtækið losar eða rúmlega 903 tonn CO₂ ígildis umfram losun.

Á árinu unnu stjórn og starfsfólk að stefnumótun í umhverfismálum. Fulltrúar í framkvæmdaráði Norðurorku undirbjuggu verkefnavinnu með sérfræðingum frá Environice. Í kjölfarið voru haldnir vinnufundir með stjórn og starfsfólki en eftir það lágu fyrir drög að umhverfisstefnu sem stjórn fyrirtækisins samþykkti þann 23. maí.

Eitt af stærstu umhverfisverkefnum sem Norðurorka vinnur að er bygging hreinsistöðvar fráveitu við Sandgerðisbót. Vinna við undirbúning hennar hélt áfram á árinu en hún mun taka við skólpi frá Akureyri þar sem það verður grófhreinsað og því dælt út í sjó um neðansjávarlögn sem endar 400 metra frá landi og á 40 metra dýpi. Umhverfismat á framkvæmdinni

og áhrifum hennar hófst á árinu og í nóvember boðaði Norðurorka til opins kynningarfundar þar sem framkvæmdin og frummatsskýrslan voru kynntar.

Öryggismál

Ekkert verk sem Norðurorka framkvæmir er svo mikilvægt að það réttlæti að starfsfólk hætti lífi sínu eða heilsu við framkvæmd þess. Hverjum og einum starfsmanni er uppálagt að staldra við áður en vinna hefst og meta hugsanlegar hættur. Skapist hætta eftir að verk er hafid á þegar í stað að stöðva það og bæta úr. Þannig er hver og einn starfsmaður ábyrgur fyrir eigin öryggi og í raun talsmaður aukins öryggis samstarfsmanna sinna með því að leitast við að koma auga á, meta og draga úr hættum í vinnuumhverfinu. Í apríl fóru allir starfsmenn á námskeið Vinnueftirlitsins um öryggismenningu á vinnustöðum og í kjölfarið hefur verið minnt á ábyrgð starfsmanna m.a. með spjöldunum „Mín ábyrgð – ég virði öryggi af því ég virði lífið sjálft.“ Hluti starfsmanna sótti verkstjóranámskeið Vinnueftirlitsins og í haust kom Vinnuumhverfissetrið til okkar með ATEX námskeið þar sem fjallað var um vinnu í sprengjufimu andrúmslofti en mikilvægt er að hafa í huga að mannvirki metanstöðvarinnar falla þar undir. Í rafmagnsöryggismálum ber helst að nefna LMP námskeið (læsa, merkja, prófa) sem haldið var í október en þar var lögð megináhersla á beislun orku og ákveðið verklag sem nota á við útlæsingu á raf- og vélbúnaði. Auk fyrrgreindra námskeiða má nefna fallvarnarnámskeið, eldvarnarnámskeið, öryggistrúnaðarmannanámskeið og rafgeymanámskeið sem starfsmenn Norðurorku tóku þátt í á árinu. Haldin er skrá yfir slys og hættuleg atvik sem verða hjá Norðurorku og er starfsmönnum skylt að tilkynna strax ef þeir verða fyrir slíku. Vinnuslys á árinu urðu 13, þar af 3 fjarveruslys. Óásættanlegar aðstæður, ótryggur búnaður eða annað sem ógnað getur öryggi og eða heilsu er einnig skráð og er markmiðið að koma í veg

fyrir að slys eða óhöpp endurtaki sig. Á árinu var hafist handa við að innleiða nýtt kerfi og verklag við atvika- og slysaskráningu með það að markmiði að gera ferlið skilvirkara. Þegar innleiðingu verður lokið munu starfsmenn fá þjálfun í notkun þessarar nýjungar þannig að þeir geti sjálfir skráð atvik eða slys um vefgátt.

Verðskrár

Verðskrá Norðurorku hf. hefur í mörg undanfarin ár verið með þeim hagstæðustu á landinu sér í lagi þegar þær eru bornar saman við sambærilegar veitur. Vel hefur tekist til og viðskiptavinir notið góðs árangurs í rekstrinum. Þó er mikilvægt að hafa í huga að þjónusta vatnsveitu og hitaveitu byggir á takmörkuðum auðlindum og því mikilvægt að verðþróun styðji við ábyrga auðlindanýtingu og þar með hæfilega uppbyggingu á öflunar-, flutnings- og dreifikerfum. Lög málf hefðbundins samkeppnisreksturs þar sem seljandi hefur hag af aukinni vörusölu eiga því ekki við.

Fyrir liggur að fara þarf í verulegar fjárfestingar í innviðaupbyggingu í öllum veitum þannig að rekstrar- og afhendingaröryggi verði áfram eins og best verður á kosið og áhættur í rekstri verði í lágmarki. Með þetta í huga hefur stjórn Norðurorku tekið þá ákvörðun að verðskrá þurfi á næstunni í öllum aðalatriðum að fylgja verðlagsþróun. Hafa þarf í huga að verulegt eftirlit er haft með verðskrár sérleyfisfyrirtækja þar sem þau hafa einkarétt til að reka viðkomandi þjónustu á tilteknum svæðum. Því er mikilvægt að stjórn og stjórnendur á hverjum tíma taki tillit til bæði hagsmuna fyrirtækisins sjálfs en jafnframt viðskiptavinanna með virku aðhaldi í rekstri, eðlilegri framlegð og ábyrgð í fjárfestingum sem komi á réttum tíma miðað við þarfir hvers tíma. Hér þarf þó ætíð að gæta öryggissjónarmiða og þess að veitur eru hluti af grundvallarinnviðum í nútíma samfélagi.


Ákveðið var að allar verðskrár Norðurorku hækkuðu í takt við verðlagsþróun og var ákveðið að taka skyldi mið af verðbreytingum í rekstri

Norðurorku síðastliðna tólf mánuði og væntri verðbólgu samkvæmt spá Seðlabanka Íslands næstu tólf mánuðina. Þetta leiddi til þeirrar niðurstöðu að verðskrár hækkuðu um 4,1% frá 1. janúar 2016.


Fjárhagur

Ársreikningur Norðurorku hf. er samstæðureikningur þar sem áhrif dótturfélaga koma fram og niðurstöður hlutdeildarfélaganna hafa sömuleiðis áhrif á niðurstöðu rekstrarreiknings. Rekstrarkostnaður hefur hækkað umfram tekjur félagsins og hafa þar haft áhrif launahækkanir sem samið var um í síðustu kjarasamningum auk þess sem kostnaður við borholuna að Botni var gjaldfærður þar sem holan er ekki nothæf til heitavatnsvinnslu. Gjaldfærslan er meðal afskrifta ársins. Fjárfestingar hafa verið miklar á árinu. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum Norðurorku á árinu eru 941 milljón króna og Fallorku 293 milljónir króna. Fjárfesting Fallorku er vegna framkvæmda við Clerárvirkjun. Árið 2015 var einnig stórt framkvæmdaár en þá voru fjárfestingar Norðurorku 806 milljónir króna samanborið við 456 milljónir króna árið 2014. Ekki hefur komið til lántöku þrátt fyrir þessar miklu framkvæmdir enda hefur lausafjárstaða verið afar sterk. Þar hefur vissulega haft áhrif uppgjör Landsvirkjunar í lok árs 2015 á lánasamningi og skuldabréfi vegna kaupa á Þeistareykjum. Áhrifa þess gætir víða í ársreikningnum og ber að hafa það í huga við lestur samanburðartalna frá árinu 2015. Ekki hefur komið til nýrrar lántöku allt frá árinu 2009 ef frá er talin yfirtaka lána sem fylgdi yfirtöku á fráveitunni 1. janúar 2014. Óverulegur hluti þeirra lána sem nú standa eftir eru í erlendri mynt og munu greiðast upp á árinu 2017. Fyrir liggur að fara þarf í lánsfjármögnun til að fjármagna þá miklu innviðaupbyggingu sem stefnt er að. Vaxtamunur innlendra og erlendra lána er með þeim hætti í dag að þrátt fyrir ákveðna gengisáhættu


HLUTFALL REKSTRARLIÐA AF REKSTRARTEKJUM



EBITDA OG VELTA



EIGINFJÁRHUTFALL



er lítið á það sem góðan kost að hluti af nýrri lántöku verði í erlendri mynt. Eiginfjárstaða Norðurorku er mjög sterk og hefur verið það. Framkvæmdir geta verið mjög fjárfrekar þegar í þær er ráðist sbr. lagningu aðveituæðar frá Arnarnesi sem metin er á um 1,5 milljarð króna. Varlega hefur því verið farið í arðgreiðslur og eiginfjárlutfall verið hátt þar sem mæta þarf þörfum til langrar framtíðar sem ekki verður fjármögnuð með lántöku einni saman.

Samtök, dóttur- og hlutdeildarfélög

Norðurorka er aðili að SAMORKU, samtökum orku- og veitufyrirtækja í landinu og í gegnum þau aðili að Samtökum atvinnulífsins. SAMORKA hefur í nýrri stefnumótun sett sér að starfrækja trúverðugan, fræðandi og jákvæðan vettvang um starfsemi og

hagsmuni orku- og veitufyrirtækja. Samtökin eru málsvari orku- og veitufyrirtækja og beita sér fyrir farsælli þróun í orku- og veitumálum á Íslandi. Eitt af meginverkefnum SAMORKU eru þó innri málefni svo sem kynningar-, fræðslu- og félagsstarfsemi aðildarfyrirtækjanna.

Fallorka ehf.

er dótturfélag Norðurorku og hefur með höndum framleiðslu og sölu á raforku til viðskiptavina um land allt. Framleiðsla virkjana í Djúpadal var 17,3 GWst. Sala á forgangorku nam 175 GWst. Tekjur Fallorku námu 870 milljónum króna á árinu og hagnaður fyrir afskriftir var 117 milljónir króna. Hagnaður ársins var 54 milljónir króna og veltufé frá rekstri 95 milljónir króna. Nú eru framkvæmdir við nýja 3,3 MW Glerárvirkjun í fullum gangi og er ráðgert að hún verði gangsett fyrir árslok 2017.

Vistorka

Árið 2016 var fyrsta heila rekstrarár Vistorku ehf. Starfsemin og hlutverk hefur verið að mótast allt árið og góður gangur kominn í fjölmörg verkefni. Stofnun Vistorku er ný nálgun á utanumhaldi umhverfisverkefna á vegum Norðurorku og Akureyrarbæjar og ekki margar fyrirmyndir hjá öðrum veitufyrirtækjum eða sveitarfélögum. Vistorka hefur tekið þátt í fjöldamörgum ráðstefnum bæði innanlands og erlendis, haldið kynningar fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök þar sem áhersla er lögð á fræðslu um umhverfisvænan lífsstíl, meðal annars orkuskipti í samgöngum, flokkun á úrgangi og minni sóun. Vistorka stóð að ýmsum verkefnum á árinu og þá oftast en ekki í samstarfi við aðra aðila. Í samstarfi við Orku náttúrunnar og Norðurorku var



komið upp þremur hleðslustöðvum á Akureyri fyrir rafbíla. Unnið var að því með Akureyrbæ að metan strætisvagnar verði hluti af vagnafлотanum og mun fyrsti vagninn af þremur koma til Akureyrar á árinu 2017. Veitt var ráðgjöf um kaup á umverfisvænum fólksbílum fyrir Akureyrbæ. Í samstarfi við Gámaþjónustu Norðurlands kom í þeirra flota metanknúinn sorpbíll. Í samvinnu við sveitarfélag á Norðvestur- og Norðausturlandi var sótt um styrk til að byggja upp net hleðslustöðva og fékkst styrkur að fjárhæð kr. 26 milljónir í það verkefni. Í samvinnu Norðurorku, Orkuseturs, Gámaþjónustunnar og Orkeyjar var farið í markvissa söfnun á notaðri matarolíu frá heimilum með „grænu trektinni“ auk þess sem farið var í frekari söfnun á steikingarolíu frá veitingahúsum og mótuneytum. Þetta skilaði sér í 50% aukningu á matarolíu til lífdísilgerðar hjá Orkey. Þá kom Vistorka að vinnu við umhverfis- og samgöngustefnu Akureyrbæjar. Loks er að geta þess

að tveggja milljón króna styrkur fékkst úr Uppbyggingarsjóði til að skoða möguleika á að nýta fitu úr sláturúrgangi sem í dag er skilað til Moltu til framleiðslu á lífdísli.

Tengir hf. er hlutdeildarfélag Norðurorku hf. og er eignarhluti okkar rúm 38% á móti G&B ehf. sem á rúm 61%. Stór hluti af verkefnum ársins 2016 var sem fyrr að leggja ljósleiðara og tengja við viðskiptavinum í sveitarfélögum á Norðurlandi og var m. a. hafin lagning á ljósleiðara í Þingeyjarsveit að undangengnu útboði. Starfsemi Tengis vex áfram og eftirspurn er mikil eftir tengingum, ekki síst í dreifbýli. Hagnaður félagsins fyrir skatta voru rúmar 17 milljónir króna, sem er mjög vel ásættanlegt í ljósi mikilla fjárfestinga til uppbyggingar á ljósneti og búnaði.

NORAK ehf. er hlutdeildarfélag Norðurorku hf. en félagið á og rekur spennuvirki við álþynnuverksmiðju Becromal í Krossanesi. Spennuvirkið



spennir niður raforku sem kemur frá aðveitustöð Landsnets við Rangárvelli. Norðurorka hf., Rafeyri ehf. og Orkuvirki ehf. eiga fyrirtækið að jöfnu. Reksturinn gekk vel á árinu 2016 og án tæknivandamála. Í farvatninu er að koma upp föstum mælabúnaði til að fylgjast með rafmagnsgæðum og samspili spennistöðvarinnar við búnað í verksmiðju Becromal. Í ljósi góðrar fjárhagsstöðu félagsins var sú ákvörðun tekin á aðalfundi þess 2016 að greiða eigendum arð að upphæð 150.000 evrur.

Hrafnabjargavirkjun ehf. er að 48,75% hlut í eigu Norðurorku, 48,75% hlut í eigu Orkuveitu Húsavíkur og 2,5% eru í eigu Atvinnuefingar Þingeyjarsýslu. Áfram var unnið að rannsóknum í samstarfi við Landsvirkjun á efra vatnasvæði Skjálfafljóts. Fjórir mögulegir virkjunarkostir voru sendir inn í rammaáætlun III á árinu 2014. Tillaga verkefnastjórnarinnar til ráðherra er að setja alla virkjunarkostina






ORKUNOTKUN, ORKUÞÖRF OG ORKUMÁTTUR HITAVEITU NORÐURORKU.



KALDAVATNSÖFLUN




í verndarflokk. Ábendingar og athugasemdir Hrafnabjargavirkjunar voru ekki hafðar að neinu hjá verkefnastjórn þrátt fyrir mikla ágalla á verklaginu að mati Hrafnabjargavirkjunar.

Norðurorka er hluthafi í félaginu **Íslensk orka hf.** en félagið heldur utan um jarðhitaréttindi, borholur og rannsóknir á jarðhitakerfum í Öxarfirði, verkefni sem er í biðstöðu. Mat stjórnar Íslenskrar orku er að enn sé mögulegt að markaðssetja heitt vatn af svæðinu til iðnaðarframleiðslu komi fram áhugasamir aðilar um nýtingu og rekstur. Þá kunna möguleikar á raforkuframleiðslu einnig að opnast með frekari þróun á búnaði til framleiðslu rafmagns úr lágþita. Á árinu 2016 voru smíðaðir og settir upp hlífðarkassar yfir borholur og búnað til að varna veðrun og af öryggissjónarmiðum.

Norðurorka á 7,7% hlut í **Netorku ehf.** sem er reiknistofa orkufyrirtækjanna og annast meðferð gagna vegna sölumála raforku.

Norðurorka á um 27% hlut í **Orkey ehf.** sem rekur lífdísilverksmiðju við Njarðarnes á Akureyri, en hluthafar félagsins eru alls 26. Lífdísillinn

KALDAVATNSÖFLUN ÞRÓUN 1995 - 2016



Frá afhendingu styrkja Norðurorku til samfélagsverkefna 2017. Afhendingin fór fram í Flugsafni Íslands

er unninn úr innlendu hráefni, svo sem notaðri steikingarfeiti frá veitingahúsum, fituafskurði frá sláturhúsum og ýmsum öðrum fitu- og olíuríkum úrgangi. Vinnsla félagsins er því mikilvægur þáttur í að draga úr úrgangi sem annars getur endað í fráveitukerfum eða urðun. Verkefninu „græna-trektin“ sem fjallað er um í kaflanum um Vistorku var mjög vel tekið og má áætla að nú þegar séu um 30% heimila á Akureyri að taka þátt í söfnun olíu. Verkefnið hefur þegar skilað Orkey nokkur hundruð lítrum í hráefni.

Félagið hefur átt erfitt uppdráttar og er að mörgu leyti á undan sinni samtíð. Fyrirtækið er á réttri leið og standa vonir til að rekstur þess á árinu 2017 verði nokkurn veginn í jafnvægi. Hvað varðar framtíð félagsins er verið að skoða möguleika á að auka verulega framleiðsluna með því að nýta betur alla fitu sem fellur til sem úrgangur. Verkefnið hefur verið kallað Orkey II og Molta II og fengu Orkey og Vistorka í samstarfi við Moltu, þrjár milljónir í styrk árið 2016 til að kanna hagkvæmni þess að bæta við vinnslulínu í Moltu sem myndi vinna alla fitu úr þeim sláturúrgangi sem þar er tekið á móti. Mjög margt myndi vinnast með þessari viðbót: Bætt gæði moltunnar, minni lykt af moltunni, aukin afkastageta Moltu (nálægt hámarki í sláturtíð), meira og stöðugt magn af hráefni í lífdísilgerð og stöðluð framleiðsla lífdísils (sem eykur verulega sölumöguleika).

Mat Norðurorku og annarra eigenda er að halda fyrirtækinu í rekstri og bæta það.

GPO ehf. er lítið þróunarfyrirtæki sem vann að framleiðslu á olíu úr plastúrgangi. Framleiðslan gekk framan af erfiðlega vegna tæknimála en var síðan að komast á skrið þegar upp kom eldsvoði í verksmiðjunni. Um altjón var að ræða sem að stærstum hluta fékkst greitt úr váttryggingum félagsins. Hluthafar hafa ekki tekið ákvörðun um framhald rekstrarins enn sem komið er.

Rannsóknir

Rannsóknir eru veigamikill þáttur í starfsemi Norðurorku en þær eru að stærstum hluta unnar í samstarfi við Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR. Rannsóknir byggja annars vegar á því að fylgjast vel með þeim auðlindum sem verið er að nýta hverju sinni en hins vegar á að huga að mögulegum framtíðarvinnslusvæðum.

Í hitaveitunni er áfram unnið að rannsóknnum í nágrenni Laugalands- og Hrafnagilssvæðis m.a. hefur verið boðin út borun hitastigulshola sunnan núverandi vinnslusvæða beggja vegna Eyjafjarðardals. Eins og áður segir skilaði ný 1.900 metra djúp hola að Botni engum árangri. Skoðaðar hafa verið fyrri rannsóknir við Sigtún með það í huga að bora þar nýja vinnsluholu. Jarðfræðingar ÍSOR telja þó að frekari rannsókna sé þörf í Eyjafjarðardal áður en farið er í borun vinnsluholu.

Lokið er að mestu kaupum á jarðhitaréttindum í sunnanverðri Dalvíkurbyggð þ.e. í Syðri-Haga, Ytri-Haga, Ytri-Vík og Víkurbakka. Ennfremur er lokið kaupum á hitaveitu í Ytri-Vík og tengdum jarðhitarannsóknnum. Í framhaldinu verður svæðið rannsakað frekar en að mati ÍSOR er svæðið lofandi til framtíðarnýtingar þó að hún geti verið vandasöm vegna nálægðar við sjó.

Rannsóknir jarðhitans í Vaðlaheiðinni verða eins og áður hefur verið vikið að, færðar aftar í áhersluröðina. Byggir það m.a. á því að erfitt og dýrt er að koma við rannsóknnum ofan á heiðinni. Rannsóknir á neysluvatninu sem fram kom í Vaðlaheiðargöngunum, austanverðum, hefur hins vegar leitt til þess að unnin hefur verið forvinna með Vegagerðinni að nýtingu neysluvatnsins. Mannvit hefur unnið að tæknilausnum og kostnaðarmati varðandi söfnun vatnsins og flutning út úr göngunum. Í dag er staðan sú að áfram verður unnið að lausnum með það að markmiði að hægt verði að nýta vatnið í þágu vatnsveitunnar í framtíðinni.

Metanframleiðsla

Metanframleiðsla hófst í ágústlok árið 2014. Til að byrja með var salan nokkuð í takt við væntingar en vöxturinn er minni en áætlað var í upphafi. Salan hefur þó aukist mikið þrátt fyrir að verð á jarðefnaeldsneyti sé nú í lágmarki. Salan á árinu 2016 var rúmlega 75 þúsund Nm³ og jókst um 37% milli ára. Sé horft til fyrstu tveggja mánaða 2017 í samanburði við fyrstu tvo mánuðina 2015 hefur salan aukist um rúm 77%. Framundan eru miklar breytingar en á næstunni tekur Akureyrarbær í notkun tvo ferlivagna og einn strætisvagn sem allir brenna metani.



Vatnsveitan


Vatnsverndin er og verður þungamiðja í rekstri allra vatnsveitna. Uppbygging öruggra og öflugra vatnsveitukerfa og þar með flutningur vatns til viðskiptavina er til lítils ef vatnið er ekki í lagi. Sem betur fer hefur með markvissri umræðu og upplýsingagjöf tekist að vekja nokkra athygli á mikilvægi vatnsverndarinnar, en betur má ef duga skal eins og dæmin sanna. Í tilefni af ákvörðun Akureyrarbæjar að útvista rekstri Skíðastaða í Hlíðarfjalli ritaði Norðurorka bréf þar sem áréttað er mikilvægi vatnsverndarsvæða Sellandslinda á Glerárdal og Hesjuvallalinda í Hlíðarfjalli. Er í bréfinu lögð þung áhersla á að ekki sé hægt að fallast á neina starfsemi eða skipulagða útivist innan vatnsverndarsvæðanna og því mikilvægt að aukin starfsemi eða stækkun skíðasvæðisins fari fram utan þeirra. Sömu leiðis er áréttað að aukin starfsemi ýti ekki undir hættuna á aukinni umferð um eða við vatnsverndarsvæðin. Hingað til hefur aðeins verið heimilað að gönguskíðabraut sé lögð á hluta vatnsverndarsvæðis Hesjuvallalinda og eru engar forsendur fyrir því

að nein frekari nýting verði leyfð. Jafnframt hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands lagt áherslu á að sem fyrst verði komið upp snjótroðara sem notar umhverfisvænan orkugjafa og/eða glussaolíu til þess að troða göngubrautir á svæðinu. Mikil vinna hefur verið lögð í viðbragðsáætlun vatnsveitu á árinu og samstarfsverkefni með Neyðarlínunni (112) og Samorku. Samhliða voru einnig haldnir fundir með fulltrúum Slökkviliðs Akureyrar og Lögreglunnar á Akureyri og haldin svonefnd skrifborðsæfing með þátttöku allra þessara aðila. Verkefnið gengur út á að tryggja að upplýsingar um mengunaróhöpp eða slys og óhöpp sem mögulega geta valdið mengun, komist þegar í stað til Norðurorku. Þetta er leyst með því að vatnsverndarsvæði Norðurorku eru nú hluti af kortaþekju Neyðarlínunnar (112) og við þar til greindar aðstæður berast svonefnd skuggaboð frá varðstofu 112 til bakvaktarmanna og neyðarstjórnar Norðurorku. Í framhaldinu virkjast síðan skilgreindir ferlar gæðakerfisins og þar með skilvirk upplýsingagjöf frá slökkviliði og lögreglu til starfsmanna Norðurorku. Hér er um lykilaðriði


að ræða, því rétt og skjót viðbrögð við hreinsun mengunar er það sem öllu skiptir til að tryggja öryggi vatnsbólanna. Þess er vænst að þetta frumkvöðlaverkefni geti orðið fyrirmynd fyrir aðrar vatnsveitur innan Samorku. Nýframkvæmdir í vatnsveitu voru nokkrar bæði í nýjum götum og hverfum, s.s. í Austurbrú og við Torfunef í Miðbænum, í Höfðahlíð, Jaðarstúni, Holtalandi, Götu sólarinnar, Kjarnagötu og í nýju Hagahverfi. Gert var við rúmlega þrjátíu bilanir á heimlögnum og stofnum í götum. Tæplega þrjátíu heimlagnir voru endurnýjaðar og lagðar rúmlega þrjátíu nýjar heimlagnir. Sjö tjón urðu í vatnsveitunni þar af eitt á brunahana. Ný stofnlögn var lögð í Hrafnagilshverfi í Eyjafjarðarsveit og fjögur ræsi fyrir stofnlagnir frá Vöglum til Akureyrar voru endurbyggð. Síðla á árinu komu fram ítrekuð mengunartilvik í Laugaland sveitunni í Eyjafjarðarsveit. Um er að ræða litla vatnsveitu sem þjónar átta viðskiptavinum á svæðinu í kringum gamla Laugalandsskólann. Veitan hefur áður verið í vandræðum líka




HITAVEITA - ORKUVINNSLA Á MÁNUÐI




ÞRÓUN VINNSLU Á HEITU VATNI




RAFORKA NOTUÐ TIL ÖFLUNAR Á HEITU VATNI




RAFORKUDREIFING 2016



ÞRÓUN RAFORKUDREIFINGAR 1992 - 2016



SAGA RAFORKUDREIFINGAR 1923 - 2016



vegna ónógs vatns á sumrum og ljóst að hún verður illnýtánleg til lengri framtíðar. Til bráðabirgða var komið upp lýsingartæki í veitunni til að koma í veg fyrir gerlamengun. Sömuleiðis voru teknar upp viðræður við stjórn Vatnsveitu Staðarbyggðar til að kanna möguleika þess að framlengja þá veitu lengra til suðurs þannig að hún þjónaði núverandi veitusvæði Laugalandsvéitunnar. Þær viðræður eru ekki komnar til enda en nokkrar leiðir verid ræddar og líklegt að dreifikerfin verði samtengd á árinu 2017.

Hítaveitan

Stöðugur vöxtur í heitavatnsnotkun kallar á miklar innviðafjárfestingar á næstu árum, eitthvað sem hefur verið í pípunum um nokkurt skeið. Hingað til hafa áætlanir gert ráð fyrir frekari öflun vatns í Eyjafjarðarsveit með það í huga að innviðir á því svæði eru allir við vöxt og því mjög freistandi að auka afkastagetu vinnslusvæðanna þar. Með þetta í huga var farið í borun á nýrri holu á vinnslusvæðinu að Botni og Hrafnagili þar sem fyrir eru tvær holur. Því er skemmst frá að segja að þrátt fyrir að boruð væri tæplega tvö þúsund metra djúp hola mitt á milli gjöfulla hola varð árangur enginn. Framan af gekk borunin ágætlega en á rúmlega 800 metra dýpi brotnaði borkróna sem leiddi á endanum til þess að bora þurfti fram hjá föstu borkrónunni. Eftir það var þökkalegur gangur í borun en á tæplega 1.400 metra dýpi hrundu krónurnar af bornum sem olli verulegum töfum þar sem nauðsynlegt var að fiska þær upp áður en lengra yrði haldið. Á ýmsu gekk eftir þetta og verkið varð langt á eftir áætlun. Í byrjun október var borunum hætt enda komið á mesta dýpi sem borinn NASI frá Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða ræður við og þar með mesta dýpi sem áætlað var að fara á. Þetta verk minnir okkur á að ekkert er gefið í jarðhitaleit og vinnslu, áhættan er alltaf töluverð. Við þessar aðstæður þarf að endurmeta allar áætlanir og eru nú mjög auknar líkur á því að ný aðveituæð frá Hjalteyri fari í forgang enda þar meira vatn en í dag er unnt að flytja til Akureyrar.

Til langrar framtíðar er mikilvægt að huga að frekari vinnslusvæðum jarðhita. Með það markmið að leiðarljósi var í upphafi ársins gerður samningur um kaup á jarðhitaréttindum jarðanna Syðri-Haga, Ytri-Haga og Götu og síðar á árinu var einnig gengið frá kaupum á jarðhitaréttindum jarðarinnar Víkurbakka. Liggur nú fyrir að fara í frekari rannsóknir á svæðinu með það að markmiði að svæðið geti orðið framtíðarvinnslusvæði Norðurorku á næstu áratugum. Í dag er svæðið aðeins nýtt fyrir staðbundna veitu fyrir næstu sveitabæi.

Árið var annasamt bæði í nýframkvæmdum og viðhaldi. Samhliða nýlögnum við Austurbrú var fjarlægður brunnur í Hafnarstræti. Þá voru í tengslum við endurnýjun lagna í Steinahlíð fjarlægðir þrjár brunnar þar. Nýjar lóðir við Torfunefsbyggju kölluðu á nýjar lagnir í öllum veitum. Nýtt Hagahverfi kallaði á töluverðar framkvæmdir sem og nýbyggingar við Jaðarstún, Holtaland, Götu sólarinnar, Kjarnagötu sem og þétting byggðar við Höfðahlíð. Lögð var ný og stærri stofnlögn frá Huldugili að nýrri dælustöð

við Réttarhvammi þar sem nýjum vél-, raf- og stjórnbúnaði var komið fyrir. Endurnýjaðar voru þrjátíu og tvær eldri heimlagnir og nýlagðar voru fjórutíu og þrjár. Nýjar mælauppsetningar og þar með áhleyningar voru alls 87 þar á meðal í nýtt hitaveituhverfi í Breiðholti. Bilanir og tjón í dreifikerfi hitaveitu voru alls sautján að tölu. Töluverð vinna hefur verið við lagfæringar á bakrásarlögn frá Akureyri að Laugalandi en í gegnum lögnina fer jarðhitavatn sem runnið hefur í gegnum ofnakerfi húsa á Akureyri. Með því að dæla þessu bakrásarvatni aftur ofan í jarðhitageyminn á svæðinu tekst að nýta svæðið og varmann í því betur en ella. Umrædd lögn liggur í árbotni Eyjafjarðarár skammt norðan Ytra-Gils en hefur verið að grafast upp úr botninum og fljóta upp. Hefur því verið tekin ákvörðun um að flytja hana á brúarstöpla aðveituæðarinnar frá Laugalandi til Akureyrar á árinu 2017. Á árinu var byggt varanlegt hús yfir nýja vinnsluhölu sem boruð var á Skeggjabrekkudal í Ólafsfirði 2015. Húsið tekur mið af snjóflóðahættu á svæðinu og er hliðin sem snýr til fjalls því alveg niðurgrafin.

Rafveitan

Þótt rafveitan sé bundin við Akureyri þjónar rafmagnsverkstæði Norðurorku einnig allri rafmagnsþjónustu við aðrar veitur félagsins sem starfa í alls sjö sveitarfélögum. Verkefni eru því fjölbreytt, snúa jöfnum höndum að háspennu, lággspennu sem og stýrikerfum veitna.

Nýlagnir voru í Hagahverfi en einnig í þegar byggðum hverfum eins og Miðbænum, Austurbrú, við Torfunefsbyggju og Hof, í Höfðahlíð og í Naustahverfi svo dæmi sé tekið. Ný dreifistöð var tekin í notkun í nýbyggingu við Austurbrú þar sem hún er hluti af bílastæðahúsi. Stöðin er ný frá grunni en á sama tíma var lögð af eldri spennistöð á svæðinu og hún rifin. Sú stöð hafði áður verið hluti af svo nefndu POB-húsi sem um tíma hýsti Hitaveitu Akureyar og smíðaverkstæði Akureyrarbæjar. Nýja stöðin heldur gamla númerinu, þ.e. nr. 35. Þá voru settar upp tvær nýjar dreifistöðvar í Hagahverfi, nr. 31 við Nonnahaga og nr. 113 við Daviðshaga. Dreifistöð nr. 76 við Réttarhvammi var endurnýjuð og sett yfir hana nýtt hús samhliða því að reist var ný dælustöð



hitaveitu. Loks var endurnýjaður spennir og háspennurofar í dreifistöð nr. 85 við Óseyri. Strangar reglur gilda um öryggisstjórnunarkerfi rafveitu sem m.a. felur í sér reglubundnar skoðanir á dreifistöðvum, sem oft leiða af sér ákvarðanir um endurbætur og fyrirbyggjandi viðhald. Alls voru skoðaðar átta dreifistöðvar í kerfinu með tilheyrandi vinnu við gröft og endurnýjun lagna í eldri hverfum. Endurnýjuð voru ljós í átta stöðvum auk málningarvinnu við sex stöðvar. Tengdar voru fjörutíu og sex nýjar heimtaugar, þar af hluti í símagötukassa og hluti í vinnuskúra. Þá voru endurnýjaðar fjörutíu eldri heimtaugar eða sett ídráttarrör til að eiga til framtíðar. Þessar endurnýjanir fara jafnan fram samhliða framkvæmdum húseigenda, t.d. við bílastæði og þess háttar eða vegna endurnýjunar á götum á vegum Akureyrarbæjar. Tjón á rafstrengjum og götukössum voru þrettán talsins. Nokkurt tjón varð þegar brú undir 66 kV strengjum milli aðveitustöðvar nr. 1 við

Þingvallastræti og aðveitustöðvar nr. 2 við Kollugerði hrundi með þeim afleiðingum að strengirnir slitnuðu. Nokkuð umfangsmikið viðhaldsverkefni var unnið við aðveitustöð 1 við Þingvallastræti þegar svonefnt stöðvirki var tekið til múrviðgerða og síðan málað. Taka þurfti allt rafmagn af aðveitustöðinni á meðan og notast eingöngu við aðveitustöð nr. 2 við Kollugerði. Kraftist þetta mikils og góðs undirbúnings sem og að veður væri hagstætt. Var það reyndar svo að gera þurfti tvær atlögur að þessu verkefni en það tókst með miklum ágætum í seinni tilrauninni, veður gott og samstilltur hópur fjölmargra starfsmanna Norðurorku og verktaka sem vann verkið hratt og skipulega. Við Kollugerði var skipt um olíuforðatanka á öðrum spenninum þar og var það verk unnið af RST-Net ásamt starfsmönnum Norðurorku. Fjöl mörg verk voru unnin í öðrum veitum félagsins. Má þar sem dæmi nefna að skipt var um mótör á annarri höfuðdælunni í dælustöð á Arnarnesi, Hjalteyri, settur stærri mótör auk þess að skipt var um hraðastýringar

og tilheyrandi stjórnbúnað. Þrjár nýjar varaafstöðvar voru settar upp til að tryggja öruggan rekstur, annars vegar tvær í hitaveitu, við dælustöðvar við Brunná og Jódísarstaði og hins vegar í dælustöð fráveitu á Torfunefi. Þá var unnið að lagfæringum og nýjum tengingum á varaafslvél að Laugalandi þannig að tryggt væri að hún færi sjálfkrafa inn í rafmagnsleysi.

Fráveitan

Ýmis mál tengd fráveitu hafa verið í brennidepli á Íslandi síðustu misserin. Snúa þau m.a. að ófullnægjandi frágangi á fráveitum þar sem þær uppfylla ekki kröfur laga en einnig að atriðum sem fengu sérstaka athygli í samnorrænni rannsókn um plastagnir (microplast) í fráveituvatni. Ljóst er að víða um land bíða stór verkefni sveitarfélaga eða fyrirtækja þeirra til þess að uppfylla kröfu laga og reglugerða. Að sama skapi er mikilvægt að huga að uppruna fráveituvatnsins og þar með starfsleyfum fjölmargra fyrirtækja sem eru sérstakir álagvaldar. Einnig er mikilvægt að huga að




upplýsingagjöf og áróðri gagnvart fyrirtækjum og almenningi þar sem dæmin sýna að mjög miklu af efnum og rusli er fleygt í klósett eða niðurföll. Lang oftast byggir þetta á vanþekkingu en einnig sökum þess að verið er að markaðssetja búnað eins og sorpkvarnir til heimila og fyrirtækja. Norðurorka hefur ásamt dótturfélagi sínu Vistorku ehf. farið í áróðursherferð undir nafninu „óleyfilegt niðurhal“ þar sem sýnt er á myndrænan hátt ýmislegt sem fólki dettur í hug að setja í klósettið. Óhætt er að segja að herferðin hafi vakið athygli og fólk til umhugsunar og má vænta þess að hún skili langtímaárangri með bættri vitund ekki síst hjá unga fólkinu sem hefur verið mjög móttækilegt í heimsóknum til Norðurorku. Hreinsistöð fráveitu hefur verið í fullum undirbúningi á árinu 2016 og mikil vinna farið í umhverfismat og allt sem því fylgir. Norðurorka ákvað í upphafi að vinna lausnamiðað að þessu verkefni þó að vissulega væri umdeilanlegt hvort hreinsistöðin ætti yfir höfuð að fara í umhverfismat og ekki gert ráð fyrir því af Akureyrarbæ



Sandgerðisbót

AFLTÖPPAR FORGANGSORKU LANDSNETS



á sínum tíma. Margt bendir til þess að tafir í verkferlum opinberra aðila sem að umhverfismatinu koma leiði til einhverra tafa á verkinu. Samhliða hefur áfram verið unnið að hönnun hreinsistöðvarinnar og nauðsynlegum undirbúningi svo sem vegna kaupa á búnaði. Þannig var tekin ákvörðun um að kaupa sökkur á útrásarlögnina frá Sandnes í Noregi auk þess sem skoðað var með kaup á útrásarlögn frá sveitarfélaginu Höfn í Hornafirði sem hætt var við að nota þar. Ekki náðust samningar um kaupin. Haustið 2016 var jarðvinna vegna hreinsistöðvarinnar boðin út og í framhaldi af því gengið til samninga við Skútabergh ehf. um framkvæmdina. Eins og í öðrum veitum var mikil vinna við lagnir í tengslum við nýframkvæmdir við Hof og Torfunefsbryggju, Austurbrún, Hagahverfi og víðar. Fara þurfti í umfangsmiklar aðgerðir vegna sigs á 630 mm regnvatnslögn við Kjarnagötu og einnig endurnýjun á fráveitulögn vegna sigs í Álfabyggð. Þá var útrás ofanvatns við Torfunef framlengd um 24 metra og útrás ofanvatns við Siglingaklúbbinn Nökkva framlengd um 80 metra. Lögð var ný 800 metra lögn fyrir yfirborðsvatn í Ægisnesi. Eins og áður var skipulega unnið að viðgerðum og endurbótum þar sem þörf var á samhliða öðrum gatnaframkvæmdum. Settar voru niður og gengið frá tveimur dælum í

dælubrunnum í nýrri og endurbættri fráveitu í hesthúsahverfinu Breiðholti. Unnið var að skipulögðum hreinsunum í fráveitukerfinu á neðri Brekkunni upp að Þórunnarstræti. Tvö sveitarfélög sem jafnframt eru eigendur að Norðurorku, þ.e. Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur, óskuðu eftir viðræðum um mögulega yfirtöku á hluta af fráveitum í sveitarfélögunum. Viðræður voru teknar upp við Hörgársveit, en viðræður við Svalbarðsstrandarhrepp eru ekki formlega hafnar.

Tæki og búnaður

Alls var fjárfest fyrir rúmar fjörutíu og fjórar milljónir í bílum, vinnuvélum og búnaði á árinu. Stærst í því var ný JCB traktorsgrafa með rótortilti og malbiksskurðarhjól. Þá voru keyptir tveir vinnubílar fyrir verkstæði og er annar þeirra metanbíll. Þá voru keypt ýmis sérhæfð tæki eins og röralaser fyrir fráveitu, pípuskurðarvélur fyrir stál- og plaströr fyrir hita- og vatnsveitu og sönartæki fyrir rafveitu. Í lok ársins var keypt hitamyndavél fyrir rafmagnsverkstæðið. Á árinu 2016 voru alls sjö metanbílar í þjónustu Norðurorku og ein rafmagnsbifreið. Þá voru pantaðir tveir vinnubílar fyrir framkvæmdasvið og verða þeir metanknúinir.





ÁRSREIKNINGUR SAMSTÆÐUNNAR 2016

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	22
Áritun óháðs endurskoðanda	23
Rekstrarreikningur	25
Efnahagsreikningur	26
Sjóðstreymisyfirlit	27
Skýringar	28

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Norðurorka hf. er veitufyrirtæki sem vinnur og selur heitt og kalt vatn á Akureyri og nágrenni og rekur fráveitu og raforkudreifingu á Akureyri. Ársreikningur Norðurorku hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess, Fallorku ehf.

Rekstrarreikningur ársins sýnir að rekstrarkostnaður fyrirtækisins eykst hraðar en tekjur sem er áhyggjuefni. Kjarasamningar ársins höfðu mun meiri áhrif til launabreytinga en fyrirséð var. Á sama hátt voru margir rekstrarliðir umfram áætlanir meðal annars vegna aukinna framkvæmda í samfélaginu. Á árinu var boruð hitaveituhola að Botni í Eyjafjarðarsveit sem ekki skilaði árangri. Heildarkostnaður vegna borunarinnar var 154 milljónir króna og er upphæðin afskrifuð í einu lagi í ársreikningnum.

Framundan er mikil uppbygging í innviðum veitukerfa Norðurorku, sér í lagi í hitaveitu og fráveitu. Ítrekað hefur reynt á afkastagetu hitaveitunnar yfir köldustu vetrardagana. Mikilvægt er að framtíðarsýn og fjárfestingaáætlanir félagsins taki mið af rekstraröryggi veitukerfa. Í fráveitunni stýttist í merkan áfanga með byggingu hreinsistöðvar við Sandgerðisbót og brýnt að henni verði lokið fyrir árslok 2018. Lán að fjárhæð 2.123 milljónir kr. vegna kaupa á fráveitu kemur til greiðslu árið 2018. Einnig er Fallorka í framkvæmdum við nýja virkjun á Glerárdal.

Hagnaður varð af rekstri samstæðunnar á árinu 2016 að fjárhæð 409 milljónir króna. Bókfært eigið fé samstæðunnar í árslok nam 8.194 milljónir kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Hlutfé í árslok nam 846,7 milljónum kr. Hluthafar félagsins í árslok voru sex eins og í ársbyrjun. Eignarhlutdeild þeirra greinist þannig:

	Kennitala	Nafnverð	Hlutdeild
Akureyrarkaupstaður	410169-6229	832.000.000	98,27%
Hörgársveit	510101-3830	6.740.685	0,80%
Svalbarðsstrandarhreppur	640269-2279	3.844.886	0,45%
Grýtubakkahreppur	580169-2019	1.538.462	0,18%
Pingeyjarsveit	590602-2640	1.538.462	0,18%
Eyjafjarðarsveit	410191-2029	1.000.000	0,12%

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 15% arður til hluthafa á árinu 2016, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og forstjóri Norðurorku hf. hafa í dag rætt ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2016 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Akureyri, 9. mars 2017.

Stjórn

Þorgerður Atalsteinn

Ingibjörg Þsaksen *Fríðbjörg Þókeim*

Edvard H. Hinnbjörn *Eva Hrónd Einarsd.*

Forstjóri

Ólgi Þórnason

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Norðurorku hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu Norðurorku hf. fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2016, efnahag hennar 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Norðurorku hf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Norðurorku hf. Ef við á skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitungum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álitum okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Akureyri,

Enor ehf.



Davíð Búi Halldórsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur			
Sala	3	3.394.340	3.276.397
Rekstrargjöld			
Orkukaup		811.461	770.891
Laun og launatengd gjöld	4	537.931	460.923
Annar rekstrarkostnaður		778.521	648.160
Afskriftir	8,9	620.089	453.095
		<u>2.748.001</u>	<u>2.333.068</u>
Rekstrarhagnaður		646.339	943.329
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	5	(212.987)	767.654
Áhrif hlutdeildarféлага	11	14.812	9.209
Hagnaður fyrir tekjuskatt		448.164	1.720.193
Tekjuskattur	6,17	(39.017)	(129.465)
Hagnaður ársins		<u>409.147</u>	<u>1.590.728</u>
Hagnaður á hlut	7	0,48	1,88

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	10.648.326	10.031.082
Óefnislegar eignir	9	68.159	75.334
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	11	224.980	209.712
Eignarhlutir í öðrum félögum	12	7.371	19.831
Verðbréfaeign	13	15.364	17.285
Fastafjármunir samtals		<u>10.964.200</u>	<u>10.353.243</u>
Birgðir		133.470	137.420
Viðskiptakröfur	14	276.868	288.145
Kröfur á tengda aðila	19	228.498	126.808
Aðrar skammtímakröfur		35.186	8.584
Handbært fé	15	1.302.605	2.161.185
Veltufjármunir samtals		<u>1.976.627</u>	<u>2.722.142</u>
Eignir samtals		<u><u>12.940.826</u></u>	<u><u>13.075.385</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		846.662	846.662
Yfirverðsreikningur hlutfjár		268.225	268.225
Endurmatsreikningur		1.364.817	1.452.589
Annað bundið eigið fé		6.537	0
Þýðingarmunur vegna hlutdeildarfélags		(16.425)	(4.514)
Óráðstafað eigið fé		5.724.051	5.530.002
Eigið fé samtals	16	<u>8.193.867</u>	<u>8.092.964</u>
Skuldir			
Tekjuskattsskuldbinding	17	136.631	114.950
Vaxtaberandi langtímaskuldir	18	4.049.412	4.071.851
Langtímaskuldir samtals		<u>4.186.043</u>	<u>4.186.801</u>
Viðskiptaskuldir		262.172	192.936
Skuldir við tengda aðila	19	9.131	15.578
Næsta árs afborganir langtímaskulda	18	104.550	324.066
Tekjuskattur til greiðslu	17	17.337	99.858
Aðrar skammtímaskuldir		167.726	163.181
Skammtímaskuldir samtals		<u>560.916</u>	<u>795.620</u>
Skuldir samtals		<u>4.746.959</u>	<u>4.982.421</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>12.940.826</u></u>	<u><u>13.075.385</u></u>

Sjóðstreymi ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	16	409.147	1.590.728
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður eigna		(934)	(5.011)
Söluhagnaður / matsbreyting eignarhluta í félögum		16.192	(703.380)
Afskriftir	8,9	620.089	453.095
Verðbætur og gengismunur langtímakrafna og skulda		76.307	34.165
Áhrif hlutdeildarféлага	11	(14.812)	(9.209)
Tekjuskattsskuldbinding, breyting		21.681	29.607
Veltufé frá rekstri		<u>1.127.670</u>	<u>1.389.995</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun) lækkun		3.950	(39.886)
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(9.870)	(51.351)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		(19.281)	154.984
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(25.200)</u>	<u>63.746</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>1.102.470</u>	<u>1.453.742</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	8	(1.234.517)	(814.497)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		5.294	5.750
Fjárfesting í eignarhlutum í hlutdeildarfélögum		(19.205)	(19.205)
Arður frá hlutdeildarfélagi		6.838	7.123
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		(3.733)	(4.515)
Söluverð eignarhluta í félögum		0	710.380
Ný skuldabréfalán		0	(19.205)
Afborgun skuldabréfa		1.921	710.380
Kröfur á tengda aðila, breyting		(103.053)	127.076
Fjárfestingahreyfingar		<u>(1.346.455)</u>	<u>703.286</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Arður til hluthafa	16	(296.332)	(126.999)
Afborganir langtímalána		(318.262)	(382.247)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(614.594)</u>	<u>(509.247)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(858.579)	1.647.781
Handbært fé í ársbyrjun		2.161.185	513.403
Handbært fé í árslok		<u>1.302.605</u>	<u>2.161.185</u>
Aðrar upplýsingar			
Innborgaðar vaxtatekjur		106.610	309.987
Greiddir vextir		(228.385)	(226.996)
Greiddir skattar		(99.858)	(20.438)

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Norðurorku hf. hefur að geyma samstæðuársreikning félagsins og dótturfélags þess, Fallorku ehf. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðuársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið endurmetinn til gangvirðis á endurmatsdegi að frádregnum endurmetnum afskriftum frá þeim tíma sem eignanna var aflað. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

Dótturfélag er það félag þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningur dótturfélagsins er innifalinn í samstæðureikningi félagsins frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra eru felld út í samstæðureikningnum.

Hlutdeildarfélag er það félag þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélags frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hærrí en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok 2016. Gengismunur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

b. Innlausn tekna

Tekjur af sölu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

Tengigjöld notenda eru tekjufærð að fullu í rekstrarreikningi ársins þar sem þau eru óverulegur hluti heildartekna.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en veitukerfi og fasteignir, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Veitukerfi og fasteignir eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum. Allar verðhækkningar vegna þessa eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eiginfjár að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskattsskuldbindingu. Afskriftir af endurmetnu verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlausn endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Við sölu eða niðurlagningu eigna er sá hluti endurmatsreiknings sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Endurmat veitukerfa og fasteigna var síðast framkvæmt í árslok 2009.

d. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru viðskiptavild vegna mismunar á kaupverði veitufyrirtækja og matsverði varanlegra rekstrarfjármuna þeirra. Óefnislegar eignir eru gjaldfærðar á tíu til tuttugu árum.

e. Dótturfélög

Eignarhlutur í dótturfélagi er eignfærður á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þess, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeild í eigin fé þess við kaup. Yfirverð er fært sem aðrar óefnislegar eignir og þær gjaldfærðar á tíu til tuttugu árum.

Skýringar

f. *Hlutdeildarfélög*

Eignarhlutir félagsins í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra að teknu tilliti til upphaflegs kaupverðs.

g. *Eignarhlutir í öðrum félögum*

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kaupverði að frádreginni niðurfærslu.

h. *Birgðir*

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

i. *Viðskiptakröfur*

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

j. *Handbært fé*

Sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

k. *Virðisrýrnun*

Bókfært verð eigna félagsins er yfirfarið á hverjum uppgjörstigi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignanna metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tilheyrandi viðskiptavild en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar og fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun fyrri tímabila vegna annarra eigna er metin á hverjum uppgjörstigi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýrnunin hafi minnkað eða horfið. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

l. *Tekjuskattur*

Tekjuskattur af afkomu samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstigi. Rekstur vatns- og fráveitu er ekki tekjuskattsskyldur.

Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörstigi.

Skýringar

3. Sala

Sala félagsins greinist þannig eftir starfspáttum:	2016	2015
Tekjur hitaveitukerfis	1.189.079	1.160.940
Tekjur vatnsveitukerfis	355.306	337.730
Tekjur rafveitukerfis	1.397.350	1.342.144
Tekjur fráveitukerfis	381.863	356.549
Metangas	10.470	5.409
Aðrar tekjur	60.272	73.626
	<u>3.394.340</u>	<u>3.276.397</u>

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2016	2015
Laun	492.089	435.400
Launatengd gjöld	132.653	117.385
Kostnaðarverð eigin vinnu vegna fjárfestinga	(86.812)	(91.862)
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>537.931</u>	<u>460.923</u>
Fjöldi ársverka	66	63
Laun og hlunnindi stjórnna, forstjóra og framkvæmdastjóra	32.660	30.528

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2016	2015
Vaxtatekjur og arður	106.610	309.987
Vaxtagjöld og verðbætur	(313.268)	(307.103)
Gengismunur	9.863	61.391
Söluhagnaður / matsbreyting eignarhluta í félögum	(16.192)	703.380
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>(212.987)</u>	<u>767.654</u>

6. Virkt skatthlutfall

Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2016	2015
Hagnaður fyrir tekjuskatt	448.164	1.720.193
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,00% 89.633	20,00% 344.039
Eignarhlutir í öðrum félögum	0,72% 3.238	(8,18%) (140.676)
Áhrif hlutdeildarféлага	(0,66%) (2.962)	(0,11%) (1.842)
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu og fráveitu	(11,34%) (50.833)	(4,41%) (75.777)
Aðrir liðir	(0,01%) (59)	0,22% 3.721
Virkur tekjuskattur	<u>8,71% 39.017</u>	<u>7,53% 129.465</u>

7. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er hlutfall hagnaðar ársins og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver rekstrarniðurstaðan er á hverja krónu hlutafjár.

	2016	2015
Hagnaður ársins	409.147	1.590.728
Vegið meðaltal hlutafjár	846.662	846.662
Hagnaður á hlut	0,48	1,88

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Hitaveitu- kerfi	Rafveitukerfi og virkjanir	Vatnsveitu- kerfi	Fráveitu- kerfi	Aðrar eignir	Samtals
Heildarverð í ársbyrjun	6.070.796	2.644.951	2.262.266	2.592.195	1.632.433	15.202.642
Afskrifað samtals	(2.052.868)	(1.149.554)	(1.159.665)	(121.355)	(688.117)	(5.171.559)
Bókfært verð í ársbyrjun	4.017.928	1.495.398	1.102.601	2.470.840	944.316	10.031.082
Keypt á árinu	417.750	430.072	53.537	248.717	84.441	1.234.517
Selt á árinu					(4.360)	(4.360)
Afskrifað á árinu	(317.436)	(64.167)	(57.226)	(69.287)	(104.798)	(612.914)
Bókfært verð í árslok	4.118.242	1.861.302	1.098.913	2.650.270	919.599	10.648.326
Afskriftarhlutföll	2,5 - 5 %	2,5 - 6 %	2,5%	2,5%	2 - 20%	
Áætlaður nýtingartími	20 - 40 ár	17 - 40 ár	40 ár	40 ár	5 - 50 ár	

Meðal afskrifta ársins er sérstök afskrift, kr. 154 millj., vegna framkvæmda við borholu að Botni í Eyjafjarðarsveit sem reiknað er með að verði ekki nýtanleg.

Sérstakt endurmat rekstrarfjármuna

Í árslok 2009 var framkvæmt sérstakt endurmat á veitukerfum og fasteignum félagsins.

Við endurmatið voru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis. Framangreindar hækkningar voru færðar á sérstakan endurmatssreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á frestaðan tekjuskatt.

Gangvirði veitukerfa og fasteigna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar.

Endurmetin veitukerfi eru nýtt í starfsemi sem er háð sérleyfi og tekjumörk miða fyrst og fremst við breytingar á byggingarvísitölu. Tekið er tillit til þess við ákvörðun gangvirðis.

Það er mat stjórnenda að ekki sé tilefni til endurmats á árinu 2016.

Fasteignamat og vátryggingarverð

Vátryggingarverð, fasteignamat og bókfært verð eigna félagsins í árslok 2016 nam eftirtöldum fjárhæðum:

Vátryggingarverð veitukerfa og virkjana	37.086.201
Bókfært verð veitukerfa og virkjana	10.046.925
Vátryggingarverð fasteigna	2.592.326
Fasteignamat fasteigna	1.088.073
Fasteignamat leigulóða	232.124
Bókfært verð fasteigna	426.783
Vátryggingarverð lausafjármuna	225.660
Bókfært verð lausafjármuna	174.618

Skýringar

9. Óefnislegar eignir

Bókfært verð óefnislegra eigna greinist þannig:	31.12.2016
Bókfært verð í ársbyrjun	75.334
Gjaldfærsla ársins	<u>(7.175)</u>
Bókfært verð í árslok	<u>68.159</u>

10. Eignarhlutur í dótturfélagi

Félagið átti í árslok 2016 dótturfélagið Fallorku ehf., sem er hluti af samstæðureikningi Norðurorku hf. Nafnverð eignarhlutarins nam kr. 224,5 millj. Hlutdeild félagsins í afkomu dótturfélagsins nam kr. 54,6 millj. á árinu 2016 samkvæmt rekstrarreikningi þess og bókfært verð eignarhlutarins í árslok 2016 nam kr. 542,7 millj. Norðurorka hf. á 100% eignarhlut í Vistorku ehf. sem stofnað var á árinu 2015 en sá eignarhlutur er færður meðal eignarhluta í öðrum félögum.

11. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð	Hlutdeild í afkomu
NORAK ehf., Akureyri	33,33%	58.621	65.290	8.275
Tengir hf., Akureyri	38,41%	57.618	159.690	6.537
			<u>224.980</u>	<u>14.812</u>

12. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
GPO ehf., Akureyri	5,37%	3.846	0
Hrafnabjargavirkjun hf., Akureyri	48,75%	14.138	0
Íslensk orka ehf., Akureyri	29,25%	2.029	0
Netorka hf., Hafnarfirði	7,73%	770	4.864
Orkey ehf., Akureyri	24,36%	5.713	2.000
Vistorka ehf., Akureyri	100,00%	500	500
Aðrir eignarhlutir		15	8
Bókfært verð í árslok			<u>7.371</u>

13. Verðbréfaeign

Í árslok 2009 seldi Norðurorka hf. eignarhlut sinn í Þeistareykjum ehf. og var hluti söluverðs í formi skuldabréfs og lánasamnings sem áttu að greiðast á árunum 2019 til 2034. Samkvæmt kaupsamningum var kaupanda bréfanna einhliða heimilt að greiða samningana upp ásamt vöxtum hvenær sem er og var það gert undir lok árs 2015. Lánasamningurinn hafði ekki verið færður til eignar hjá félaginu þar sem greiðsla þess hluta kaupverðsins var háð því að orkuvinnsla myndi hefjast innan tuttugu og fimm ára frá undirritun kaupsamnings og því var óvissa um greiðslu. Greiðslan sem áður var háð óvissu var tekjufærð á árinu 2015 ásamt vöxtum frá söludegi eignarhlutarins í samræmi við skilmála lánasamningsins.

Skuldabréfaeign í árslok er lán til hlutdeildarfélags sem endurgreiðist með 10 jöfnum afborgunum og er lokagjalddagi bréfsins árið 2024.

Skýringar

14. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	31.12.2016	31.12.2015
Viðskiptakröfur	289.890	303.612
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(13.023)	(15.467)
	<u>276.868</u>	<u>288.145</u>

Niðurfærsla viðskiptakrafna er færð til þess að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign samstæðunnar. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur niðurfærslureikning, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Niðurfærsla í ársbyrjun	15.467	19.000
Tapaðar kröfur á árinu	(3.121)	(4.075)
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu	677	542
Niðurfærsla í árslok	<u>13.023</u>	<u>15.467</u>

15. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:	31.12.2016	31.12.2015
Sjóður og bankainnstæður	654.803	957.355
Markaðsverðbréf	647.802	1.203.830
Handbært fé samtals	<u>1.302.605</u>	<u>2.161.185</u>

16. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er kr. 846,7 millj. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Annað bundið eigið fé samanstendur af hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага sem hefur ekki verið úthlutað í formi arðs á undirritunardegi.

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun	846.662	268.225	1.452.589	5.530.002	(4.514)	8.092.964
Arður til hluthafa				(296.332)		(296.332)
Upplausn endurmats			(87.771)	87.771		0
Gengismunur v. þýðingar					(11.911)	(11.911)
Hlutdeildartekjur				(6.537)	6.537	0
Hagnaður ársins				409.147		409.147
Eigið fé í árslok	<u>846.662</u>	<u>268.225</u>	<u>1.364.817</u>	<u>5.724.051</u>	<u>(9.888)</u>	<u>8.193.867</u>

Annað eigið fé greinist þannig:	31.12.2016	31.12.2015
Annað bundið eigið fé	6.537	0
Þýðingarmunur	(16.425)	(4.514)
	<u>(9.888)</u>	<u>(4.514)</u>

Skýringar

17. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:	31.12.2016	31.12.2015
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	114.950	85.343
Reiknaður tekjuskattur ársins	39.017	129.465
Tekjuskattur til greiðslu	<u>(17.337)</u>	<u>(99.858)</u>
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	<u>136.631</u>	<u>114.950</u>
Tekjuskattur til greiðslu samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:		
Tekjuskattur til greiðslu	17.337	99.858
Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig:		
Óefnislegar eignir	6.000	7.500
Varanlegir rekstrarfjármunir	122.281	95.451
Birgðir	1.335	1.374
Viðskiptakröfur	1.607	(946)
Frestaður gengismunur	5.408	11.570
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	<u>136.631</u>	<u>114.950</u>

18. Vaxtaberandi langtímaskuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:	31.12.2016	31.12.2015
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:		
Skuldir í EUR	0	216.725
Skuldir í JPY	20.345	45.357
Skuldir í USD	0	6.505
	<u>20.345</u>	<u>268.588</u>
Skuldir í íslenskum krónum	4.133.618	4.127.329
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	4.153.963	4.395.917
Næsta árs afborganir	<u>(104.550)</u>	<u>(324.066)</u>
Vaxtaberandi langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	<u>4.049.412</u>	<u>4.071.851</u>
Afborganir af vaxtaberandi langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:		
Árið 2017		104.550
Árið 2018		2.181.045
Árið 2019		83.372
Árið 2020		88.276
Árið 2021		93.474
Síðar		<u>1.603.244</u>
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir		<u>4.153.963</u>

19. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila félagsins eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar.

Skýringar

19. Tengdir aðilar (frh)

Viðskipti við lykilstjórnendur

Upplýsingar um laun til stjórnenda félagsins er að finna í skýringu 4. Upplýsingarnar ná ekki til sölu Norðurorku hf. á hefðbundnum aðföngum til heimilisrexturs viðkomandi aðila. Félagið átti engin önnur viðskipti við stjórnendur á árinu og stjórnendur eiga ekki hlut í félaginu.

Önnur viðskipti við tengda aðila

	2016	2015
Sala á vöru og þjónustu		
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	283.530	275.935
Aðrir hluthafar	13.250	12.371
Hlutdeildarfélag	4.183	2.259
	<u>300.963</u>	<u>290.566</u>
Kaup á vöru og þjónustu		
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	144.820	61.516
Aðrir hluthafar	4.019	2.383
Hlutdeildarfélag	9.264	8.546
	<u>158.104</u>	<u>72.445</u>

Staða

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

	31.12.2016	
	Kröfur	Skuldir
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	218.826	(4.855)
Aðrir hluthafar	8.814	(3.686)
Hlutdeildarfélag	857	(589)
	<u>228.498</u>	<u>(9.131)</u>
Skuldabréfaeign:		
Hlutdeildarfélag	15.364	

Auk tekna hér að ofan fékk félagið greiddar vaxtatekjur frá Akureyrarbæ að fjárhæð kr. 7 millj. og frá hlutdeildarfélagi að fjárhæð kr. 918 þús.

20. Kennitölur

Helstu kennitölur:	2016	2015
EBITDA - afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði	1.266.428	1.396.424
Veltufjárlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir	3,52	3,42
Eiginfjárlutfall - eigið fé / heildarfjármagn	63,3%	61,9%
Arðsemi eigin fjár	5,02%	21,60%
Innra virði - eigið fé / hlutfé	9,68	9,56





Norðurorka hf.
Rangárvöllum
603 Akureyri

www.no.is
Sími: 460 1300
no@no.is



NORÐURORKA

Vatnsveita - Rafveita - Hitaveita - Fráveita